

Til Skipulagsstofnunar um Landsskipulagsstefnu 13. febrúar, 2015.

Tillaga að Landsskipulagsstefnu 2015 ásamt fylgiskjali var til umfjöllunar hjá Skipulags- og umferðarnefnd á Seltjarnarnesi á fundi hinn 3. febrúar, 2015 og fól nefndin Skipulagsfulltrúa að taka saman sjónarmið nefndarmanna og vinna umsögn sem allir sameinuðust um.

Flestir í nefndinni höfðu fram að færa athugasemdir og ábendingar sem snerta hin 4 stefnumál sem sett eru fram.

Í ljósi þess að á Seltjarnarnesi sem er rúmlega 200 ha landsvæði með 10 km að mestu manngerða strandlengju þar sem á síðustu 60 árum hafa tapast margir ha. (mælt af loftmyndum 1954 og 2014 allt að 7 ha) við landbrot var niðurstaðan að allir geta sameinast um aðalatriði varðandi Skipulag á haf- og strandsvæðum.

ALTA skipulagsráðgjafi í aðalskipulagsverkefni sem er í vinnslu var hafður með í ráðum.

Umsögn sem allir nefndarmenn hafa fallist á er að leggja skuli fram var eftirfarandi (en sumir nefndu margt fleira):

Strönd Seltjarnarness er tiltölulega löng miðað við flatarmál sveitarfélagsins og liggur að opnu hafi. Bæði íbúðarhverfi og útivistarsvæði eru mjög nálægt ströndinni og verða fyrir ágjöf þegar hvessir, þótt varnargarðar taki við mesta þunganum.

Nú stendur yfir endurskoðun aðalskipulags Seltjarnarnesbæjar og eru sjóvarnir til framtíðar meðal þeirra þátta sem skoða þarf. Tvennt veldur áhyggjum í því sambandi; annars vegar að sjávarstaða kunni að hækka með bráðnun jökla, hitnun sjávar og landsigi og hins vegar að vályndari veður muni auka álag á varnargarða. Af hvoru tveggja berast fréttir annað slagið, eftir því sem reiknilíkön og mælingar vísindamanna þróast. Þessar fréttir fara síst batnandi. Að sama skapi kemur í ljós að spár eru töluverðri óvissu undirorpnar og að framvindan getur verið flókin. Landris á einum stað getur leitt til sigs í öðrum landshlutum o.s.frv.

Eðlileg fyrirhyggja við mótnun skipulags er að láta er að láta öryggi íbúa og verðmæta njóta þess vafa sem hlýst af óvissum spám og gæta þess að teknar séu ábyrgar ákvarðanir um landnotkun á strandsvæðum. Það er hins vegar ekki auðvelt fyrir sveitarfélög að átta sig á því hvar mörk hæfilegrar varúðar kunni að liggja. Þarna getur landsskipulagsstefna bætt úr með því að mæla fyrir um að jafnan sé fyrir hendi mat á þeirri hættu sem gera þarf ráð fyrir á strandvæðum vegna loftslagsbreytinga. Í tillögunni er nú þegar mælt fyrir um að kortleggja skuli strandlínu en gefa mætti hliðstæð fyrirmæli um mat á vá vegna loftslagsbreytinga á strandsvæðum hringinn í kringum landið. Það mat taki tillit til aukins rúmmáls sjávar, jarðskorpuhreyfinga og veðurs. Nefna mætti þessa þætti einnig þar sem náttúruvá vegna loftslagsbreytinga er nefnd, t.d. í köflum 2.8.1 og 3.7.1.